

Sent til Mbl.is: 7.10.2020
Birt í Mbl: 12.10.2020
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Eftir Skúla Jóhannsson

Það er vafasöm forgangsröð hjá ráðherra að halda úti starfshópum um orkuöryggi og orkustefnu áður en tillögur um raforkumarkað liggja fyrir

Um skýrsluna - Sjálfbær orkuframtíð, orkustefna til ársins 2050

Starfshópurinn og skýrslan

Komin er út skýrslan „Sjálfbær orkuframtíð, Orkustefna til ársins 2050“ og er afrakstur vinnu starfshóps sem ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra setti á laggirnar vorið 2018.

Samtals 17 einstaklingar skipuðu starfshópinn. Formaður og varaformaður, starfsmaður og ráðgjafi, frá ráðuneytum komu fimm og stjórnmalaflokkum átta. Ég geri ráð fyrir að fyrstu fjórnefndir hafi unnið verkið en hinir verið áheyrnarfulltrúar.

Athyglisvert er að hvorki orkufyrirtækin né orkuráðgjafar voru kallaðir til þátttöku og ber skýrslan þess merki. Að vísu var öllum boðið að senda inn athugasemdir, en það er annars eðlis.

Ég vitna í aðalskýrslu starfshópsins en þar hlýtur að koma fram það sem hann óskar að koma á framfæri. Tilvitnanir í skýrsluna eru undirstrikaðar.

Hugtök

Ég hef eftirfarandi skilning á nokkrum hugtökum sem snerta raforkumálin:

- „Sjálfbær þróun“ umhverfis, t.d. vegna orkuframleiðslu, uppfyllir þarfir nútímans án þess að skerða getu komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum síðar meir (Brundtland 1987). Þessi hugsun hefur verið höfð að leiðarljósi við stefnumörkun 21. aldar.
- „Endurnýjanleg orka“ kemur frá náttúrulegum orkulindum sem eru notaðar í sama mæli og þær koma fram í náttúrunni. Stöðuorka vatnsfalla er talin endurnýjanleg. Jarðvarmaorka hefur jafnan verið flokkuð sem endurnýjanleg, því varmainnihald jarðgeyma er takmarkalaus eða nánast óendanleg.
- „Græn raforka“ er framleidd úr endurnýjanlegri orku og umhverfisáhrif virkjunar á endurnýjanlegri orku eru sjálfbær. T.d. er grænt vetni unnið úr grænni raforku.

Skrípuhugtök eins og endurnýjanlega raforku og sjálfbæra orku ber að forðast.

Hugtakanotkun skýrslunnar

Hugtök í skýrslunni koma stundum undarlega fyrir sjónir. Má taka dæmi á fyrstu textasíðu skýrslunnar blaðsíðu 8:

- Endurnýjanleg orkuframleiðsla, en orkuframleiðsla getur ekki verið endurnýjanleg. Í ljósi skilgreininga hér að framan mætti kannski frekar standa „[raf]orkuframleiðsla úr endurnýjanlegri orku“
- Orkan er nýtt með sjálfbærum hætti. Ég geri varla ráð fyrir að starfshópurinn hafi ætlað að skipta sér af nýtingu orkunnar innandyra hjá fyrirtækjum og almenningi heldur að takmarka sig að útvegg hjá neytendum.
- Sjálfbær orkuvinnsla er í mínum huga bara orðaskrípi.
- Endurnýjanlegir orkukostir. Þetta skil ég bara ekki, en kannski er þarna átt við virkjunarkosti sem nota endurnýjanlega orku.

Sem dæmi um heilar setningar má finna neðar á sömu blaðsíðu: Orkukerfið er snjallt, sveigjanlegt og engu er sóað. Atvinnulíf nýtur góðs af verðmætasköpun, þekkingu og nýsköpun sem sprettur frá orkugeiranum.

Þessi texti boðar ekki gott en endurspeglar stílinn á því sem á eftir kemur í skýrslunni. Þetta eru mest slagorð, sem ásamt órökstuddum og samhengislausum fullyrðingum virðast vera annað hvort teknar upp úr athugasemdum í fylgiskjölum eða bera jafnvel merki þess að vera „googlað“ úr erlendum vefsíðum.

Hvað vantar í skýrsluna?

Sá sem vill kynna sér orkustefnu Íslands óskar eftir að lesa umfjöllun um m.a. eftirfarandi:

- Raforkukerfið, samsetningu og eiginleika þess, þ.e. hvert er viðfangið? Núverandi raforkuöflunarkerfi byggist nánast alfarið á vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum. Eigum við að halda því áfram og hverjar eru takmarkanir þannig áforma?
- Hvaða virkjunarkosti eigum við að taka til skoðunar, hvort sem um er að ræða vatnaafls- eða jarðvarmavirkjanir, vind- eða sólarorku, sjávarfallaorku og jafnvel kjarnorku, þ.e. kjarnakljúfa (fission) eða kjarnasamruna (fusion). Þeir síðastnefndu gætu bara verið til viðmiðunar allavega í fyrstu.
- Mun val milli virkjunarkosta hafa áhrif á uppbyggingu flutningskerfisins? Í skýrslunni segir: Ófullnægjandi flutningsgeta raforkukerfisins dregur úr hagkvæmri nýtingu aflstöðva, en það er ekki rökstutt.
- Í skýrslunni segir: Þó að Ísland búi enn yfir óbeisluðu vatnsafl og jarðhita, er skynsamlegt að auka fjölbreytni í orkugjöfum með hagnýtingu vindorku og annarra nýrra endurnýjanlegra orkukosta fyrir raforkuvinnslu. Þetta er ekki einfalt mál og lítt rannsakað héraendis þó það hafi verið skoðað í eldsneytisdrifnum kerfum erlendis. Ég hef þó reynt það lítilliga: <https://2veldi.files.wordpress.com/2016/04/wind-power-in-iceland.pdf>
- Kostnaðartölur fyrirfinnast ekki í skýrslunni, en eins og kunnugt er þarf að taka rækilega tillit til hagkvæmni við uppbyggingu kerfisins í framtíðinni.

Raforkumarkaður

Það er vafasöm forgangsröð hjá ráðherra að þrýsta á að ljúka skýrslum starfshópa um orkuöryggi og orkustefnu áður en tillögur um nýjum raforkumarkaði liggja fyrir. Búast má við að starfsreglur markaðarins eigi eftir að hafa mikil áhrif á þróun raforkumála og gæti raunar breytt öllu. Ekki virðist enn liggja fyrir hver þátttaka raforkufyrirtækjanna í markaðnum verður í reynd, en þau hafa öllu lýst yfir stuðningi við málið í samræmi við Þriðja orkupakkann.

Landsnet hefur unnið að undirbúningi raforkumarkaðar frá stofnun fyrirtækisins 2005, samkvæmt raforkulögum frá 2003. Síðasti sprettur hefur staðið í nokkur ár og vonandi birtast tillögur á næstunni.

